

Fjölbrautaskóli Suðurlands
02 357

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Fjölbrautaskóli Suðurlands
kt. 491181-0289
Tryggvagötu 25, 800 Selfoss

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Fjölbrautaskóli Suðurlands leggur áherslu á að allir séu metnir að verðleikum, njóti skilnings og beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Skólinn stefnir að árangursríku og fjölbreyttu skólastarfi þar sem áhersla er lögð á fagþekkingu, sköpunarhæfni og metnaðarfullt þróunarstarf.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 2.031,8 milljónir og afkoma kr. -12,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -31,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 155,0 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Fjölbrautaskóla Suðurlands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Fjölbrautaskóla Suðurlands fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Olga Lís Garðarsdóttir,
skólameistari

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	1.896.937.573	1.638.664.404
Aðrar tekjur		17.184.000	12.782.000
Seld þjónusta		1.187.108	1.295.000
Vörusala		13.477.000	11.244.454
Framlög og ýmsar tekjur	3	87.353.641	49.089.742
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	15.621.359	15.584.801
Tekjur samtals		2.031.760.681	1.728.660.401
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	1.542.986.450	1.360.870.188
Annar rekstrarkostnaður	5	485.607.422	425.680.273
Afskriftir	6	15.621.359	15.584.801
Gjöld samtals		2.044.215.231	1.802.135.262
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(12.454.550)	(73.474.861)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		134.403	88.924
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(88.969)	(24.874)
		45.434	64.050
Afkoma ársins		(12.409.116)	(73.410.811)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	7	167.808	407.130
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		43.260.044	48.591.360
Farartæki og vélar		15.297.682	5.941.131
Fasteignir		17.933.280	18.785.192
Aðrar eignir		529.157	593.187
		<u>77.020.163</u>	<u>73.910.870</u>
		<u>77.020.163</u>	<u>73.910.870</u>
Fastafjármunir samtals		<u>77.187.971</u>	<u>74.318.000</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		0	165.994
Tengdir aðilar	9	47.003.487	25.471.824
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	10	3.153.317	24.101.981
Handbært fé	11	27.623.604	8.910.116
		<u>77.780.408</u>	<u>58.649.915</u>
Veltufjármunir samtals		<u>77.780.408</u>	<u>58.649.915</u>
Eignir samtals		<u>154.968.379</u>	<u>132.967.915</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	12		
Hrein eign		(31.681.421)	(19.272.305)
Eigið fé samtals		<u>(31.681.421)</u>	<u>(19.272.305)</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	839.593	748.868
Viðskiptaskuldir		18.216.122	6.759.395
Ýmsar skammtímaskuldir	13	86.111.502	70.228.015
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	81.482.583	74.503.942
		<u>186.649.800</u>	<u>152.240.220</u>
Skuldir samtals		<u>186.649.800</u>	<u>152.240.220</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>154.968.379</u>	<u>132.967.915</u>
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(12.409.116)	(73.410.811)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	15.621.359	15.584.801
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(15.621.359)	(15.584.801)
		<u>(12.409.116)</u>	<u>(73.410.811)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		21.114.658	(8.417.649)
Tengdir aðilar		(17.332.268)	58.770.238
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		27.340.214	6.672.852
		<u>31.122.604</u>	<u>57.025.441</u>
		<u>18.713.488</u>	<u>(16.385.370)</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(18.491.330)	(16.148.969)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		0	450.000
		<u>(18.491.330)</u>	<u>(15.698.969)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		18.491.330	15.698.969
		<u>18.491.330</u>	<u>15.698.969</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		18.713.488	(16.385.370)
		<u>8.910.116</u>	<u>25.295.486</u>
		<u>27.623.604</u>	<u>8.910.116</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af innritunargjöldum.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisýrning og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrningar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísending sé um virðisýrning. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrningartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	15 ár
Aðrar eignir	10 ár og ekki afskrifað
Fasteignir, skip, flugvélar og fleira	25 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Skýringar

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2022	2021
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	1.896.937.573	1.638.664.404
Tekjufærsla frestaðra tekna	15.621.359	15.584.801
	<u>1.912.558.932</u>	<u>1.654.249.205</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.751.000.000	0	0	1.751.000.000
Launabætur	14.400.000	0	0	14.400.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	131.537.573	0	0	131.537.573
Fjárveiting til tekna	1.896.937.573	0	0	1.896.937.573
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(1.909.346.689)	0	0	(1.909.346.689)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(12.409.116)	0	0	(12.409.116)

	2022	2021
3 Framlög og ýmsar tekjur		
Leigutekjur	47.324.673	39.558.981
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	14.129.864	1.132.258
Ýmsar tekjur	16.839.104	2.898.503
	<u>87.353.641</u>	<u>49.089.742</u>

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	1.230.008.878	1.107.662.324
Orlof, breyting	16.624.188	94.795
Launatengd gjöld	282.977.368	250.584.265
Starfsmannakostnaður	13.376.016	2.528.804
	<u>1.542.986.450</u>	<u>1.360.870.188</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	107,5	99,3

Skýringar

	2022	2021
5 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	3.453.980	2.959.350
Byggingarvörur, almennar	1.361.942	788.312
Byggingarvörur, aðrar	145.686	209.703
Tæki og búnaður til innréttinga	94.454	238.834
Ýmis tæki og áhöld	2.877.021	2.906.189
Varahlutir og viðhaldsvörur	2.132.137	1.176.542
Orkugjafar	22.008.070	18.482.578
Matvæli	3.319.258	2.056.132
Almennar rekstrarvörur	5.931.026	4.515.465
Vörukaup, almenn	41.323.574	33.333.105
Kennslu- og föndurvörur	17.332.121	18.710.149
Vörukaup, sérgreind	17.332.121	18.710.149
Fundir, námskeið, risna	2.956.849	1.652.149
Ferðir, uppihald	13.314.130	82.424
Akstur	5.329.189	3.269.830
Sérfræðiþjónusta	29.635.781	26.757.551
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	269.500	142.891
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	461.316	814.996
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	2.419.855	2.459.667
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	54.386.620	35.179.508
Samningsbundin kaup og leiga	400.000	0
Afnotagjöld	5.913.755	5.978.681
Leigugjöld	341.609.349	323.589.109
Notkun véla og flutningatækja	686.950	318.826
Verkkaup	7.762.866	5.866.326
Kostnaðarhlutdeild	15.673.378	2.188.318
Tryggingar, lögboðnar	297.833	144.721
Opinber gjöld	170.976	161.865
Tilfærslur	50.000	209.665
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	372.565.107	338.457.511
Annar rekstrarkostnaður samtals	485.607.422	425.680.273
6 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	13.344.957	14.047.184
Farartæki og vélar	1.121.138	356.533
Fasteignir	851.912	851.912
Aðrar eignir	64.030	65.039
Niðurfærsla óefnislegra eigna	239.322	264.133
	15.621.359	15.584.801

Skýringar

	31.12.2022	31.12.2021
7 Óefnislegar eignir		
Óefnislegar eignir	167.808	407.130
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2022:		Hugbúnaður
Stofnverð 01.01.2022		1.320.680
		<u>1.320.680</u>
Niðurfært 01.01.2022		913.550
Niðurfærsla ársins		239.322
		<u>1.152.872</u>
Staða 31.12.2022		<u>167.808</u>

	31.12.2022	31.12.2021
8 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	43.260.044	48.591.360
Farartæki og vélar	15.297.682	5.941.131
Fasteignir	17.933.280	18.785.192
Aðrar eignir	529.157	593.187
	<u>77.020.163</u>	<u>73.910.870</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Fasteignir	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2022	123.234.077	6.392.200	21.298.226	3.119.310	154.043.813
Viðbætur á árinu	8.013.641	10.477.689	0	0	18.491.330
	<u>131.247.718</u>	<u>16.869.889</u>	<u>21.298.226</u>	<u>3.119.310</u>	<u>172.535.143</u>
Afskriftir 01.01.2022	74.642.717	451.069	2.513.034	2.526.123	80.132.943
Afskrift ársins	13.344.957	1.121.138	851.912	64.030	15.382.037
	<u>87.987.674</u>	<u>1.572.207</u>	<u>3.364.946</u>	<u>2.590.153</u>	<u>95.514.980</u>
Staða 31.12.2022	<u>43.260.044</u>	<u>15.297.682</u>	<u>17.933.280</u>	<u>529.157</u>	<u>77.020.163</u>

9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	46.999.650	23.677.029
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	3.837	1.794.795
	<u>47.003.487</u>	<u>25.471.824</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	839.593	748.868
	<u>839.593</u>	<u>748.868</u>

Skýringar

	31.12.2022	31.12.2021
10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		
Fyrirframgreiddur kostnaður	1.905.295	23.067.449
Skattar	1.248.022	1.034.532
	<u>3.153.317</u>	<u>24.101.981</u>

11 Handbært fé

Tékkareikningar	27.608.869	8.907.496
Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum	14.735	2.620
	<u>27.623.604</u>	<u>8.910.116</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 0,4 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2022	31.12.2021
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	(19.272.305)	54.138.506
Afkoma ársins	<u>(12.409.116)</u>	<u>(73.410.811)</u>
Jöfnuður 31.12.	<u>(31.681.421)</u>	<u>(19.272.305)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2022	31.12.2021
13 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	67.599.747	50.975.559
Önnur ógreidd gjöld	18.511.755	19.252.456
	<u>86.111.502</u>	<u>70.228.015</u>

Skýringar

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	77.187.971	74.318.000
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	4.294.612	185.942
	<u>81.482.583</u>	<u>74.503.942</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022	74.318.000	185.942	74.503.942
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	22.600.000	22.600.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	18.491.330	(18.491.330)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(15.621.359)	0	(15.621.359)
	<u>77.187.971</u>	<u>4.294.612</u>	<u>81.482.583</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 15,2 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði. Greiðslur vegna húsaleigu munu nema kr. 398,3 milljónum árið 2023.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.